

Reykjavík 10.6.2019

GÖH ritar

Fundur stjórnar FBÍ nr. 2

Mættir; Bjarni, Gunnar, Björn, Sigðurður, Guðný, Kristín, Stefán og Ómar.

-Rætt um 17.júní. Reykjavíkurborg vilja ekki að við ökum niður laugaveg og þess vegna þarf að fara niður Skólavörðustíg. Kristín fékk bréf um þetta frá 17.nefnd Reykjavíkur. Bjarni talaði við Hafnarfjarðarbæ og þeir ætla að svara á þriðjudagsmorgun. Mæting er kl.13.00 í Árbæjarsafn. Umræður um hugmynd þess efnis að byrja í Hafnarfirði.

Allir sáttir við að prófa að vera í Hafnarfirði frá 11.00-12.30, Bjarni kannar með hvað yfirvöld í Hafnarfirði vilja gera. Ef þeir eru spenntir og vilja hafa okkur með í skruðgöngu þá verðum við þar, ef þeir eru ekki spenntir þá höldum við fyrra plani að hittast í HR og aka með Krúser niður Skólavörðustíg og enda í Árbæjarsafni.

Umræður um bílageymslur; Garðar og Þorgeir viðja báðir hætta í geymslunefnd. Árni vill halda áfram.

Bjarni vill hafa opið á veturnum tvisvar í mánuði og lokað yfir sumarið. Ómar hefur stungið upp á Stefáni í þessa nefnd, og Stefán tekur vel í það.

Flestir eru sammála um að fjórir nefndarmenn duga í bili, Stefán, Árni, Rúnar og Steingrímur Snorra.

Allir eru sammála um að taka þurfi til í varahlutum og henda. Bjarni er að reyna að gera tilraunir í að fá að henda þessu dóti frítt. Opið hús alla fimmtudaga eru allir varahlitir frír. Bjarni lætur nefndarmenn vita.

Umræður um að taka hlunnindi af geymslunefnd, þar að segja að það verið EKKI frítt stæði í geymslum fyrir nefndarmenn.

Fundarmenn eru sammála um að ekki skal líðast að menn borgi fyrir stæði og hafi þau tóm. Stæði skal nýta, annars missa menn stæðið innan ákveðins tíma.

Umræður um að hafa biðlista í geymslur á heimasíðu, allir sammála um að þetta sé á heimasíðu, þar að segja á lokuðu svæði. Gera þetta til að koma í veg fyrir allan misskilning um röð á biðlista.

Bjarni færir hjá Garðari lista yfir bíla í húsum og biðlista.

Ómar gerir þá tillögu um að ný nefnd taki til starfa 1.ágúst.2019. Umræður um hvenær ætti að taka af frístæði. Allir eru sammála um að frístæði verði til áramóta fyrir nefndarmenn sem hætta.

Nýir nefndarmenn fá bensín styrk sem formaður nefndar sér um að útdeila.

Bjarni gerir þá tillögu um fund með geymslunefnd og tilkynna þeim þar breytingar á skipulagi nefndar. Bjarni tekur að sé að tala við Rúnar og Steina um að þeir komi inn í nefnd.

Allir sammála um að láta Landsmótið líða áður en við förum að hræra í geymslunefnd.

Siggi bryddar upp á umræðum um ferðanefnd. Bjarni stingur upp á að ferðanefnd séu tveir einstaklingar. Hugmyndir um að um að það komi að menn og taki að sér eina og eina ferð.

Ákveðið að vera með rúnt um suðurstrandarveg miðvikudaginn 12.6.2019 að Grindavík.

Hittast á bílplani MS. Kaffi og kleina hjá Sjóaranum í Grindavík, hjá Axel country.